

Tækifæri í þróun og hönnun matvара í tengslum við ferðamennsku

Matur sem upplifun fyrir ferðamenn

Þó nokkur vakning hefur verið á undanförunum árum meðal hráefnisframleiðenda og ferðapjónustuaðila á Íslandi um mikilvægi matvæla í upplifun ferðamanna og þá virðisaukningu sem fæst með vinnslu og sölu hráefnis í héraði. Hagsmunaaðilar á mörgum svæðum hafa myndað netverk til að vinna sameiginlega að skilgreiningu og uppbyggingu á matarferðamennsku og til að styðja við framleiðslu á staðbundnum matvælum.

Samhliða hefur eftirspurn eftir staðbundnum afurðum aukist m.a. vegna áhuga ferðamanna á að upplifa og taka með sér sérstöðu svæða. Til að svara eftirspurninni þarf hins vegar í flestum tilvikum að fara sérstaklega í vöruþróun og hönnun á afurðunum sem tekur tillit til þarfa og væntinga markhópsins. Þær þarfir og væntingar eru oft ólíkar þörfum hins almenna neytanda á matvöru.


Til að sala á staðbundnum matvælum til ferðamanna geti orðið að arðbærum iðnaði til framtíðar verða slíkar vörur að vera eftirsóknarverðar fyrir ferðamenn, uppfylla öll skilyrði til sölu, vera aðgengilegar og skapa virðisauka fyrir framleiðandann. Þó að viðtæk þekking sé meðal frumkvöðla þá er oft þörf á aðstoð við einn eða fleiri þætti í ferlinu frá hugmynd til markaðshæfrar vöru. Stuðningur við frumkvöðla í gegnum vöruþróun og hönnun er því einn mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu á matarferðamennsku.

Aðkoma Matis að matarferðamennsku

Matis hefur áhuga á því að styðja við uppbyggingu á matarferðamennsku á landsvísu. Fyrirtækið hefur þegar skilgreint vöruþróun og matarferðamennsku sem eitt af áherslusviðum sínum á næstu misserum.

Aðkoma Matis að uppbyggingu matarferðamennsku má skipta í fjóra þætti:

- Skilgreining vinnsluferla
- Aðstaða til vöruþróunar og tilraunaframleiðslu
- Vöruhönnun og ímynd
- Matavælaöryggi og heilnæmi



Yfirlit yfir helstu netverk, hátíðir og markaði sem leggja áherslu á staðbundin matvæli. Þá eru á mörgum stöðum boðið upp á árstíðabundnar matarveislur s.s. þorrablot, kúttmagakvöld, villibraðakvöld, sviðaveislur og skótuveislur.

